

Mál nr. 361/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

- Málskot móttakið 13. júní 2024, ásamt fylgiskjölum.
- Bréf V, dags. 9. október 2024,
- Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. október 2024.
- Viðbótarathugasemdir V, dags. 14. október 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X þann 6. nóvember 2022. Þann dag var henni sagt af yfirmanni sínum að sækja vörubretti, sem var hátt uppi í vörurekka, með rafmagnslyftara. Við verkið klemmdist vinstri fótur hennar milli tveggja rafmagnstjakka. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, X vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna líkamstjónsins með bréfi dags. 21. júní 2024. M byggir kröfu sína á því að X beri ábyrgð á tjóni hennar á grundvelli þess að vinnuveitandi hennar sýndi af sér saknæma háttsemi á slysdegi og það hafi orsakað slysið. Hafi M verið falið að taka niður vörubretti sem var hátt uppi í vörurekka en til þess þurfti hún að nota rafmagnslyftara, sem hún hafði ekki réttindi né reynslu til að stjórna. Hafi vinnuveitandi hennar borið að fela þetta verk starfsmanni sem öðlast hafði réttindi til að stjórna lyftara. Vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna slyssins og byggir á því að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið sé að rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum. Telur V fyrst og fremst ósannað að yfirmaður hafi beðið M að nota rafmagnslyftara þrátt fyrir að hafa ekki tilskilin réttindi. Samkvæmt frásögn hans hafi hann beðið starfsmenn um að ná í tiltekna vöru. Það verði ekki túlkað þannig að í því felist skipun um að ná í vöru án tillits til reglna og öryggis. Mótmælir V því að varúðarmerkingar sem settar voru upp eftir slysið eigi að leiða til þess að sök verði sett á X.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu en það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. M byggir á því í málskoti að líkamstjón hennar megi rekja til þess að hún fylgdi fyrirmælum yfirmanns síns um að sækja vörur sem staðsettar voru hátt uppi í vörurekka. Til þess hafi hún þurft að nota rafmagnslyftara sem hún hafði ekki réttindi til þess að nota. Að mati nefndarinnar verður að telja það ósannað, gegn höfnun X, að í fyrirmælum yfirmanns M hafi falist skipun um að nota rafmagnslyftarann sem M hafði ekki réttindi til að nota eða að M hafi talið sér skylt að bregðast við fyrirmælum yfirmanns með þeim hætti sem hún gerði. Er það mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á annað en að um hafi verið að ræða eigin aðgæsluleysi M sem ákvað að vinna umrætt verk með þeim hætti sem hún gerði umrætt sinn. Er því, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki sýnt fram á að skilyrði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. nóvember 2024.
rafræn undirskrift

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir